



Undirritaðir aðilar, annars vegar **menningar- og viðskiptaráðuneytið**, hér eftir ráðuneytið, kt. 710122-1990, Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík, og **Pórbergssetur**, kt. 601003-2870, Hala í Suðursveit, 781 Höfn í Hornafirði, gera með sér

SAMNING um rekstrarstyrk árið 2023

1. Markmið og starfsemi

1.1. Meginmarkmið með samningi þessum eru að

- 1.1.1. Efla rannsóknir og umfjöllun um ævi, störf og ritverk Þórbergs Þórðarsonar rithöfundar frá Hala í Suðursveit,
- 1.1.2. Efla fræðastörf sem tengjast söfnun, varðveislu og skráningu menningarminja í Suðursveit og síðar Austur-Skaftafellssýslu,
- 1.1.3. Miðla þekkingu á fjölbreyttan hátt og standa að fræðslu ferðamanna og almennings um Þórberg Þórðarson, sögu og mannlíf í Austur-Skaftafellssýslu.
- 1.1.4. Tryggja framgang stefnu málefnasviðs 18 í málaflokki 18.2, sbr. fjármálaáætlun 2022-2026.
- 1.1.5. Þórbergssetur taki mið af stefnu stjórnvalda í menningar- og ferðamállum.

1.2. Verkefni

- 1.2.1. Þórbergssetur skal hafa húsnæði setursins að Hala í Suðursveit opið fyrir almenningi, veita gestum leiðsögn og standa fyrir sýningum og viðburðum er varða Þórberg Þórðarson og ritverk hans, sögu staðarins, bókmenntir, menningarminjar, listir og aðra þætti íslenskrar menningar. Stefnt skal að því að halda minnst 6 sýningar og aðra menningar- og listviðburði ár hvert.
- 1.2.2. Þórbergssetur skal efla fræðastarf er tengist verkum Þórbergs Þórðarsonar með samstarfssamningi við Hugvísindasvið Háskóla Íslands og Rithöfundasamband Íslands. Þórbergssetur býður fræðimönnum til dvalar í fræðaíbúð í Suðursveit að vetrarlagi. Leitast verður við að efna til lifandi umræðu um höfundinn og skoða verk hans í stöðugt nýju ljósi breyttra tíma.
- 1.2.3. Þórbergssetur skal halda úti vefsíðu sem birtir upplýsingar um starfsemi setursins, Þórberg Þórðarson og ritverk hans, sögu staðarins og menningarlíf í Suðursveit og Austur-Skaftafellssýslu. Jafnframt skal setrið hafa kynningarefni og upplýsingar á staðnum um staðinn og rithöfundinn.
- 1.2.4. Þórbergssetur skal sýna frumkvæði á verksviði sínu og stuðla að samstarfs- og rannsóknarverkefnum um sögu og menningarlíf á sínu starfssvæði með sérstakri áherslu á íslenskar bókmenntir og fræðslu fyrir nemendur á öllum skólastigum sem og almenning.

1.3 Starfsemi

Þórbergssetur starfar samkvæmt skipulagsskrá sem var samþykkt 15. september 2003.

2. Forsendur samnings og lagaheimildir

- 2.3 Framlag í samningi þessum fellur undir stefnu ráðherra á málefnasviði 18 menning, listir, íþróttir og æskulýðsmál, málaflokki 18.2 Menningarstofnanir sbr. 20. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015.
- 2.4 Þórbergssetur starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig, eftir því sem við á eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem kostaðir eru að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins.
- 2.5 Þórbergssetur skal hafa kynnt sér lög og reglugerðir sem gilda um verkefnið og skuldbindur sig til að starfa samkvæmt þeim. Vakin er sérstök athygli samningshafa á eftirfarandi



lagaákvæðum: lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, nr. 46/2016 og lög um opinber fjármál, nr. 123/2015.

3. Fjárhagsleg skuldbinding

- 3.3 Framlag ráðuneytisins til Þórbergssetur fyrir árið 2023 er 11 m.kr. (ellefumilljónirkróna 00/100 án vsk) og greiðast af fjárlagalið 16-293-110. Fyrirspurnum um framvindu greiðslna skal beina á bokhald@mvf.is.
- 3.4 Verði gerð breyting á fjárheimildum til málaflokks 18.2 Menningarstofnanir í fjárlögum geta aðilar tekið upp viðræður um aðlögun rekstrarins að breyttri fjárveitingu.
- 3.5 Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á Þórbergssetur ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað eða fellt niður. Séu gerðar almennar aðhaldskröfur af hálfu ríkisins til málaflokks 18.3 er heimilt að gera sömu kröfur til aðhalds í rekstri verkefna sem falla undir málaflokk 18.3 hjá Þórbergssetri.
- 3.6 Fjárhagsleg ábyrgð ráðuneytisins vegna rekstrarverkefnisins takmarkast við þær fjárhæðir sem eru í samningnum.
- 3.7 Framlag verður greitt í fjórum jöfnum greiðslum. Fyrsta greiðist í kjölfar undirritunar samningsins, önnur greiðsla er 1. maí, þriðja 1. ágúst og lokagreiðsla 1. nóvember. Lokagreiðsla er háð samþykki ráðuneytisins á greinargerð Þórbergssetur um framkvæmd samningsins. Greitt er inn á bankareikning í viðskiptabanka Þórbergsseturs: 0172 – 26 – 1203. Ráðuneytið greiðir ekki dráttarvexti ef greiðsla dregst og greiðslur bera hvorki vexti né verðtryggingu.

4. Ábyrgð

- 4.3 Þórbergssetur ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Þórbergssetur skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 4.4 Þórbergssetur ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 4.5 Þórbergssetur er óheimilt:
 - Að afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
 - Að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála og verkefna

- 5.3 Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 5.4 Þórbergssetur skal skila ráðuneytinu ársáætlun um rekstur og starfsáætlun yfirstandandi árs þar sem fram komi m.a. áætlun um ráðstöfun framlagsins og helstu markmið sem unnið verður að fyrir lok júlí 2023. Einnig skilar Þórbergssetur upplýsingum um ný verkefni eða breytingar sem kunna að verða á rekstri Þórbergsseturs.
- 5.5 Þórbergssetur skal skila ráðuneytinu endurskoðuðum ársreikningi ársins á undan með skýringum fyrir lok júlí 2023. Jafnframt skal Þórbergssetur senda afrit til Ríkisendurskoðunar.
- 5.6 Fulltrúar ráðuneytisins og Þórbergsseturs funda að lágmarki einu sinni um samninginn og framkvæmd hans..
- 5.7 Þórbergssetur skilar ráðuneytinu upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar. Ráðuneytinu er heimilt að birta þær upplýsingar opinberlega.
- 5.8 Þórbergssetur veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálft eða fela öðrum að



gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta.

- 5.9** Eigi Þórbergssetur í viðskiptum við lögaðila sem það á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda þess, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.
- 5.10** Samning þennan, ársreikning Þórbergssseturs, greinargerð um framkvæmd samnings og úttektarskýrslur skal birta á vef Þórbergssseturs jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.

6. Vanefndir og meðferð ágreinings

- 6.3** Þórbergssetur tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef talinn er vafi leika á að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt er greint frá úrræðum sem það hyggst grípa til.
- 6.4** Ráðuneytinu er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli Þórbergssetur ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 6.5** Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 6.6** Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

7. Gildistími og lok samnings

- 7.3** Samningurinn gildir frá 1. janúar 2023 til 31. desember 2023.
- 7.4** Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 7.5** Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.
- 7.6** Samningurinn er undirritaður rafrænt. Aðilar hafa kynnt sér efni samningsins og hafa fullt umboð til að staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 15. febrúar 2023

F.h. menningar- og viðskiptaráðuneytis

F.h. Þórbergsssetur

Sigrún Brynja Einarsdóttir

Þorbjörg Arnórsdóttir

Meðfylgjandi:

Fylgiskjal 1: Greiðslu- og bókunarupplýsingar



Fylgiskjal 1
með samningi milli menningar- og viðskiptaráðuneytisins og Þórbergsseturs

Um verkefnið:

Heiti verkefnis: Rekstur Þórbergsseturs

Viðtakandi greiðslu: Þórbergssetur

Kennitala: 601003-2870

Reikningsnúmer: 0172-26-1203

Fjárlagaliður: 16-293-110

Viðfang: 16-293-110

Greiðslur:

Fjárlagaár	Dagsetning greiðslu	Upphæð kr.
2023	Við undirritun samnings	2.750.000
2023	1. maí	2.750.000
2023	1. ágúst	2.750.000
2023	1. nóvember	2.750.000
	Samtals:	11.000.000